



UMHVERFISMENNT

Í LEIKSKÓLANUM OKKAR



UNESCO-skólar

Leikskólinn Akrasel

Leikskólinn Akrasel var opnaður 8.ágúst árið 2008 við Ketilsflöt á Akranesi. Leikskólinn er 6 deilda leikskóli með um 150 nemendur og um 45 starfsmönnum

Markmið leikskólans eru að börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar, upplifi af eigin raun og læri að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska.

Göngu- og skoðunarferðir með börnunum eru fastir liðir í skólastarfinu. Í náttúrunni fær barnið tækifæri til að kanna ýmis fyrirbæri, skoða og gera tilraunir. Starfsfólk fylgist vel með áhuga barnsins og reynir að grípa tækifæri til frekari athugana með stuðningi á ýmsa vegu.



Umhverfismennt

Einkunnarorð leikskólans eru:

NÁTTÚRA – NÆRING - NÆRVERA.

Einkunnarorðin sameinast í umhverfismenntuninni. Umhverfismenntun samtvinnar endurvinnslu, endurnýtingu og umhyggju fyrir umhverfi okkar. Á Akraseli starfar umhverfisnefnd sem heldur utan um umhverfismenntunina og hvernig við innleiðum hana í starfið.

Í Umhverfisráði eru 2 elstu árgangar leikskólans. Í henni eru einn starfsmaður af hverri deild auk formanns umhverfisnefndar. Fundir eru haldnir að lágmarki einu sinni á hverri önn.





Umhverfismarkmið Akrasels eru :

- Að börnin læri að hugsa vel um jörðina okkar,
- Að börnin læri að flokka, endurvinna og endurnýta,
- Að börnin læri að molta, rækta matjurtir, blóm og annan gróður,
- Að börnin njóti þess að vera úti í náttúrunni í leik og námi,
- Að börnin temji sér hófsemi og læri að spara raforku og vatn eins og kostur er
- Að börnin temji sér vistvæna hugsun og breiði út fagnaðarerindið.

Skólar á grænni grein

Skólar á grænni grein (Eco-schools) er alþjóðlegt umhverfismenntar verkefni sem rekið er af Landvernd á Íslandi. Markmið verkefnisins er að auka umhverfisvitund, umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur skóla.

Verkefnið er stærsta umhverfismennta verkefni í heimi og er haldið úti af samtökunum Foundation for Environmental Education.



Þeir skólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin síð





SKREFIN 7:

1. UMHVERFISNEFND
2. MAT Á STÖÐU
UMHVERFISMÁLA
3. ÁÆTLUN UM AÐGERÐIR OG
MARKMIÐ
4. EFTIRLIT OG ENDURMAT
5. NÁMSEFNAGERÐ OG
TENGING VIÐ NÁMSKRÁ
6. AÐ UPPLÝSA OG FÁ AÐRA
MEÐ
7. UMHVERFISSÁTTMÁLI

HVAÐ ER GRÆNFÁNI?



Grænfáni er umhverfismerki sem nýtur virðingu í Evrópu. Hann er tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Markmið verkefnisins er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur



Heimsmarkmiðin

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Þar skuldbinda aðildarríkin sig til að vinna að innleiðingu markmiðanna út gildistímann sem er frá 2016 til 2030. Markmiðin eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála og alþjóðasamstarf.



HEIMSMARKMIÐ AKRASELS

Akrasel tók nýlega upp að tengja Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun við skólastarfið. Með því að kortleggja eigið starf tengt markmiðunum eru góðum og gagnlegum verkefnum sem hafa verið unnin gegnum árin haldið á lofti og þau þróuð áfram. Þetta er ekki síður góð leið til að bæta starfið sem og að fá staðfestingu á góðri vinnu.

Eftirfarandi Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun má einkum tengja umhverfismennt í Akraseli:



Ykkar rusl er okkar gull

ENDURVINNSLA/ENDURNÝTING

Við flokkum allt rusl í Akraseli.
Endurvinnsla er mikilvægur
partur af okkar starfi t.d
flokkum við allan pappír og
plast. Matarafgangur fer í
moltuna (- kjöt og fiskur).



Verðlaus leikföng

Við notum verðlaus leikföng til að efla hugmyndarflug barna t.d tómar umbúðir, efnisbúta, pappírshólka og fl.

Pappírsgerð

Börnin rifa niður pappír til endurvinnslu, leggja pappírinn í bleyti og hann maukaður með töfrasprota. Pappírinn er svo veiddur upp í ramma og skreyttur, t.d. með vatnsblönduðu bleki. Vatnið er þerrað með svampi og hengt upp til þerris.



Könnunarleikur

Könnunarleikur er skapandi leikur með verðlausan efnivið. Könnunarleikur fer þannig fram að safnað hefur verið saman alls konar "verðlausum" hlutum. Þetta eru t.d keðjur, lyklar, box, lok og efnisbútar. Í leiknum fá börnin tækifæri til að kanna og rannsaka hlutina á eigin forsendum, vera litlir vísindamenn. Í gegnum könnunarleikinn þroska börnin einbeitingu og athyglisgáfu, samskiptahæfni og málþroski er örvaður.

Listasmiðja/ jólagjafir

Í Akraseli er áhersla lög á að nota endurvinnanlegan efnivið og er hann að finna t.d í gráu skápunum inní sal, inná litla Klett er listasmiðja sem er aðgengileg fyrir alla, síðan eru skápar á hverri deild með efnivið.

Í jólagjafavinnu eldri nemenda fær nemandinn frjálsar hendur með efnivið og hugmyndaflug fær að ráða. Hálfum sal skólans er breytt í listasmiðju með fjársjóði af efnivið í hinar ýmsu gjafir.

Vatn og rafmagn

Öll börn á Íslandi hafa aðgang að hreinu vatni til drykkjar og hreinlætis. Þau komast á salerni með rennandi vatni og það er okkar hlutverk að kenna þeim að umgangast vatn að virðingu. T.d að kenna þeim að vatn er ekki óþrjótandi auðlind.

- Skrúfa fyrir kranana þegar ekki er verið að nota vatnið.
- Nota sápu varlega þar sem sápa fer út í sjó með vatninu og skemmir lífríki sjávar.
- Ekki sturta mörgum sinnum niður úr klósettinu.
- Ekki setja rusl í klósettið.
- Vatnið kemur úr Akrafjalli úr vatnsbóli sem er vatnsverndar svæði og það þarf að passa vel að það mengist ekki.
- Við hitum húsin okkar með vatni.
- Orðaforði. Kennum þeim um breytileika vatns, hvernig breytist vatn í frosti? Hvað verður um klaka þegar hann hitnar. Notum mismunandi orð um mismunandi úrkomu. Rigning, úði, þoka, snjór, slydda, él, hundslappa drífa, hagléi og klaki.

Hvernig notum við vatn?

- Hreint vatn: til að drekka, baða sig, elda, þvo, vaska upp, vatnslita, gera pappír,
- Rigningarvatn: sulla, drullumalla, hoppa í pollum, leika með rör og þess háttar.
- Sjór: hvað gefur sjórinn okkur? fara í fjöruna, rannsaka, tína rusl, sulla, klifra í steinum.

LJÓS/RAFMAGN

Þó að við á Íslandi höfum góðan aðgang að ódýrri orku er það samt okkar hlutverk að kenna börnunum ábyrga neyslu og kenna þeim að slökkva ljós og fara varlega með rafmagn.

- Hægt að búa til merki með börnunum sem minna á að slökkva ljós í herbergjum þar sem enginn er.
- Sparperur eru einnig betri kostur og minnka rafmagnseyðslu,
- Ræðum við börnin hvernig rafmagnið verður til með því að virkja vatnið.
- Einu sinni á ári er vasaljósadagur í Akraseli. Þá koma öll börnin með vasaljós og ljósin í húsinu eru slökkt.

Einkunnarorð Akrasels eru:

NÁTTÚRA – NÆRING - NÆRVERA

Á Akranesi eru góðar aðstæður fyrir útivist og gönguferðir í óspilltri náttúrunni og nægir þar að nefna svæði eins og skógræktarsvæðin Garðalund og Litla Klapparholt, fjörunar Langasand, Skarfavör og Kalmannsvík ásamt stöðum eins og Sólmundarhöfða, Elínarhöfða, Merkurtún og Vitans á Breið.